



Kópavogur, 23. febrúar 2016

Aðalfundur N1 hf.

Aðalfundur N1 hf. verður haldinn miðvikudaginn 16. mars 2016 klukkan 16.00 í höfuðstöðvum félagsins að Dalvegi 10-14, Kópavogi.

Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu starfsári.
2. Skýrsla forstjóra og ársreikningur kynntur.
3. Staðfesting ársreiknings fyrir síðastliðið reikningsár og tekin ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað félagsins.
4. Ákvörðun tekin um greiðslu arðs vegna rekstrarársins 2015.
5. Stjórnarkjör.
6. Kjör endurskoðanda eða endurskoðunarfirma.
7. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna og undirnefnda stjórnar.
8. Tillaga stjórnar að starfskjarastefnu félagsins.
9. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins.
10. Tillaga stjórnar um heimild til kaupa á eigin hlutabréfum.
11. Önnur mál löglega upp borin.

Tillögur:

- a) Ársreikningur (liður 3)
Stjórn leggur til að ársreikningur fyrir árið 2015 verði samþykktur.
- b) Arðgreiðsla (liður 4)
Stjórn leggur til við aðalfund að arður verði greiddur til hluthafa að fjárhæð kr. 1.050.000.000 vegna rekstrarársins 2015 eða kr. 3,0 fyrir hverja eina krónu af nafnverði hlutafjár í félaginu. Arðurinn verður greiddur til hluthafa þann 7. apríl 2016. Síðasti viðskiptadagur þar sem arður fylgir bréfunum er 16. mars 2016 og arðleysisdagur því 17. mars 2016. Arðsréttindadagur er 18. mars 2016, sem þýðir að arður greiðist þeim sem skráðir eru í hlutaskrá N1 hf. hjá Verðbréfaskráningu Íslands í lok dags 18. mars 2016.
- c) Kjör endurskoðanda (liður 6)
Stjórn leggur til að endurskoðunarfirmað Ernst & Young sjái áfram um endurskoðun á ársreikningi félagsins vegna rekstrarársins 2016.
- d) Þóknun til stjórnar (liður 7)
Stjórn leggur til við aðalfund að stjórnarlaun komandi starfsárs verði sem hér segir:

Stjórnarformaður fái kr. 630.000 á mánuði
Varaformaður stjórnar fái kr. 472.500 á mánuði
Aðrir stjórnarmenn fái kr. 315.000 á mánuði
Fulltrúar í starfskjaranefnd fái kr. 35.000 á mánuði og formaður starfskjaranefndar kr. 75.000 á mánuði



Fulltrúar í endurskoðunarnefnd fá kr. 65.000 á mánuði og formaður endurskoðunarnefndar kr. 110.000 á mánuði

e) Starfskjarastefna (liður 8)

Stjórn leggur til að við starfskjarastefnu félagsins bætist eftirfarandi 7. gr. um skaðleysi stjórnar og framkvæmdastjórnar:

„Félagið skal tryggja að á hverjum tíma sé í gildi starfsábyrgðartrygging er gildi fyrir stjórnarmenn og æðstu stjórnendur, bæði starfandi og fyrrverandi, vegna starfa þeirra í þágu félagsins. Félagið skal tryggja að stjórnarmönnum og æðstu stjórnendum sé haldið skaðlausum af kröfum sem á þá kunna að verða gerðar eða á þá kunna að falla vegna starfa fyrir félagið að svo miklu leyti sem ákvæði laga um hlutafélög, laga um gjaldþrot og meginreglur laga um saknæmi leyfa.

Félagið greiðir tryggingariðgjald starfsábyrgðartryggingar og eðlilegan kostnað af málsvörn gagnvart kröfum eða rannsóknum af ofangreindum toga með fyrirvara um rétt til endurkröfu, komi síðar í ljós að viðkomandi hafi í umræddu tilviki af ásetningi eða stórfelldu gáleysi brotið gegn trúnaðarskyldum sínum við félagið eða ákvæðum laga í starfi sínu fyrir það.“

Að öðru leyti er lagt til að starfskjarastefna félagsins verði óbreytt frá fyrra ári.

f) Tillaga um breytingu á samþykktum (liður 9)

Stjórn leggur til að breytt verði ákvæði 17. gr. samþykpta félagsins, samkvæmt 8. mgr., þannig að tekið verði upp nýtt ákvæði um að hluthafar eigi ávallt rétt á að krefjast hlutfallskosningar eða margfeldskosningar við stjórnarkjör í tvo sólarhringa frá því að stjórn kunngerir niðurstöður framboða til stjórnar, ef ekki er sjálfkjörið.

g) Kaup á eigin bréfum (liður 10)

Félaginu er heimilt að kaupa eigin hluti sem nemur allt að 10% af heildarhlutafé félagsins í samræmi við 55. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995, í þeim tilgangi að koma á viðskiptavakt með hluti í félaginu og/eða til að setja upp formlega endurkaupaáætlun skv. 116. gr. laga um verðbréfavíðskipti eða á grundvelli 1. tölul. 3. mgr. 115. gr. og 2. mgr. 119. gr. laga um verðbréfavíðskipti og reglugerða sem settar eru á grundvelli 118. og 131. gr. sömu laga. Heimild þessi gildir í 18 mánuði frá samþykkt hennar.

Aðrar upplýsingar:

Öll skjöl og tillögur sem lagðar verða fyrir aðalfund verður að finna á vefsíðu félagsins www.n1.is/fjarfestatengsl. Hluthöfum stendur einnig til boða að nálgast skjölin í höfuðstöðvum félagsins að Dalvegi 10-14, Kópavogi, virka daga milli klukkan 9.00-16.00. Fundurinn fer fram á íslensku og verða fundargögn jafnframt á íslensku.

Hluthafar geta látið umboðsmann sækja hluthafafundinn fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt umboð.

Ekki verður hægt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum. Hluthöfum gefst kostur á að greiða atkvæði um mál sem eru á dagskrá fundarins bréflaga. Skal beiðni um slíka atkvæðagreiðslu hafa borist skrifstofu félagsins eða á netfangið hluthafar@n1.is eigi síðar en fimm dögum fyrir fundinn, þ.e. fyrir kl. 16.00 föstudaginn 11. mars 2016.



Hluthafar eiga rétt á því að fá ákveðin mál tekin til meðferðar á hluthafafundi ef þeir gera um það skriflega eða rafræna kröfu. Óski hluthafi eftir að koma máli eða tillögu á dagskrá hluthafafundar skal slík beiðni hafa borist skrifstofu félagsins eða á netfangið hluthafar@n1.is eigi síðar en tveimur vikum fyrir fundinn, þ.e. fyrir kl. 16.00 miðvikudaginn 2. mars 2016.

Endanleg dagskrá og tillögur verða birtar viku fyrir fundinn. Samkvæmt 63. gr. a. hlutafélagalaga nr. 2/1995 ber að tilkynna um framboð til stjórnar skriflega með minnst fimm sólarhringa fyrirvara fyrir aðalfund, eða fyrir kl. 16.00 föstudaginn 11. mars 2016. Framboðum skal skila á skrifstofu N1 hf., Dalvegi 10-14, Kópavogi, eða á netfangið hluthafar@n1.is. Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund.

Aðgöngumiðar, atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent frá klukkan 15.30 á aðalfundardegi.

Stjórn N1 hf.